STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1970

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags Tryggingasjóðs fiskiskipa beri brýna nauðsyn til að auka tekjur sjóðsins. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því, að tekjur sjóðsins nægðu fyrir útgjöldum hans, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi, einkum síldarútvegi, hefur hann þegar safnað miklum skuldum enda er halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og hækka útflutningsgjöld, einkum magngjöld, og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarksverðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 500.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söltuðum smáfiski, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulið vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

   Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld. Heimilt er frá 1. janúar 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar vegna umbúðakostnaðar kr. 300.00 fyrir hvert 100 kg innihalds.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 74. 1. júní 1970.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna erfiðs fjárhags áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins beri brýna nauðsyn til að auka tekjur deildarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því, að tekjur deildarinnar nægðu fyrir útgjöldum hennar, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi og nýrra kvaða, er á deildina hafa verið lagðar hefur hún þegar safnað skuldum enda er halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Bætt afkoma sjávarútvegsins gerir kleift að bæta úr þessu og þarf Verðlagsráð sjávarútvegsins að gera ráð fyrir þessari hækkun við ákvörðun lágmarksverðs ferskfisks, er gildi frá 1. júní til 31. desember 1970.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað „1%“ í 3. gr. laga nr. 74 28. maí 1969 um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 16. gr. þeirra laga, komi: 1.5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. júní 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Stjórnartíðindi A 5, nr. 73—74. Útgáfudagur 2. júní 1970.